



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Verklagsreglur um hraðamælingar með ratsjá.

1. útgáfa 2002

I. kafli

Búnaður til hraðamælinga

1. grein

Lögreglan skal einungis nota þau hraðamælingatæki sem Ríkislögreglustjórinn hefur viðurkennt. Óheimilt er að taka í notkun mælíbúnað fyrr en slík viðurkenning liggur fyrir. Ríkislögreglustjórinn leggur embættunum til hraðamælingaratsjár og heldur skrá yfir þær. Sérstakar reglur gilda um notkun hraðamyndavéla.

2. grein

Skoðanir og viðgerðir hraðamælingatækja skulu framkvæmdar af sérfræðingum sem Ríkislögreglustjórinn viðurkennir. Hver ratsjá, ásamt fylgibúnaði, skal skoðuð samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Skoða skal ratsjá í bifreiðinni sem hún er notuð í ef því verður við komið. Þegar ratsjá er komið fyrir í lögreglubifreið skal fylgja fyrirmælum framleiðanda og gefa út vottorð um ísetningu. Þeir einir annast ísetningu hraðamælingaratsjáa sem ríkislögreglustjórinn viðurkennir.

3. grein

Ratsjá skal þannig staðsett í lögreglubifreið að auðvelt sé að stjórna henni og fylgjast með skjám hennar. Þess skal gætt að ratsjá hindri ekki nauðsynlega útsýn ökumanns eða aðgang að stjórnækjum bifreiðar.

II. kafli

Framkvæmd hraðamælinga

4. grein

Þeir einir mega stjórna hraðamælingum með ratsjá sem hafa lokið námi til þess samkvæmt námskrá Lögregluskóla ríkisins. Meginregla er að tveir lögreglumenn standi að hraðamælingu með ratsjá og er annar þeirra stjórnandi. Hann ber ábyrgð á að unnið sé samkvæmt reglum þessum. Hann gætir þess að ávallt sé ljóst hvaða ökutæki er mælt. Leiki minnsti vafi á hvaða ökutæki var mælt skal mál ekki stofnað.

5. grein

Stjórnandi hraðamælinga beinir þeim á staði þar sem helst er þörf fyrir að halda uppi eftirliti með ökuhraða. Gæta skal þess að ekki skapist hætta af vinnu við hraðamælingar eða stöðvun ökutækja. Þegar stöðva skal ökutæki og hafa tal af ökumanni vegna umferðarlagabrots skal það framkvæmt eftir því sem við á með hliðsjón af fyrirmælum Ríkislögreglustjórans um stöðvun ökutækja.

6. grein

Við upphaf og lok hraðamælinga skal ávallt prófa ratsjá samkvæmt fyrirmælum framleiðanda. Standi hraðamæling lengur yfir en 1 klst. í senn skal prófa ratsjá á klukkustundar fresti. Komi annað fram við prófun en leiðbeiningar framleiðanda ætla skal færa ratsjána til skoðunar. Allar mælingar frá síðastu prófun skulu ógiltar. Ef unnt er skal tilkynna þeim sem hafa verið stöðvaðir fyrir of hraðan akstur að bilun hafi komið fram í hraðamælingatæki og því muni ekki frekar verða aðhafst í málinu.

7. grein

Við upphaf rannsóknar skal ökumanni gerð grein fyrir kæruefninu og kynnt réttarstaða hans samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Tryggja skal eftir föngum sönnur á mældum hraða, meðal annars með því að skrá í vettvangsskýrslu helstu atriði mælingar, umsögn kærða um ætlað brot og gefa honum kost á að undirrita. Heppilegt er að læsa niðurstöðu mælingar á skjá mælitækis og sýna kærða. Það er þó ekki skilyrði fyrir gildi hraðamælingar og rýrir ekki gildi hennar, verði því ekki við komið.

8. grein

Ef lögreglumaður vinnur einn við hraðamælingu með ratsjá er sérstaklega mikilvægt að læsa niðurstöðu mælingar á skjá mælitækis og sýna kærða. Ávallt skal gera sérstaka skýrslu á vettvangi að ökumanni viðstöddum, þegar lögreglumaður vinnur einn að hraðamælingu með ratsjá. Skrá skal umsögn ökumanns um brotið og hvort hann rengr niðurstöðu hraðamælingar eða ekki og honum gefinn kostur á að undirrita skýrsluna. Við skýrslutökuna skal samtalið við ökumann tekið upp á segulband. Uppþökur skulu varðveittar hjá viðkomandi lögregluliði.

9. grein

Við hraðamælingar með ratsjá má nota eftirtaldar aðferðir:

- a) Mæling úr kyrrstöðu. Ratsjá í lögreglubifreið eða handratsjá er notuð til að mæla aðvifandi umferð. Upplýsingar um brotið og meintan brotlegan ökumann eru kallaðar upp til lögreglumanna sem stöðva ökutæki á hentugum stað. Lögreglumenn sem lesa á ratsjá staðfesta lögregluskýrslu þess sem stöðvar ökumann.
- b) Mæling úr kyrrstöðu. Eins og a) nema lögreglumennirnir sem standa að hraðamælingunni stöðva brotlegan ökumann, annahvort á staðnum eða með því að aka hann uppi og stöðva hann.
- c) Mæling á ferð. Lögreglumenn mæla aðvifandi umferð og stöðva brotlegan ökumann sjálfir.
- d) Mæling á ferð. Lögreglumenn aka á eftir brotlegum með jöfnu bili milli ökutækja og mæla hraða lögreglubifreiðarinnar með ratsjá. Sú tala sem lesin er af ratsjá er lögð til grundvallar í kærumáli.
- e) Mæling á ferð. Lögreglumennirnir mæla hraða aðvifandi ökutækis sem ekið er í sömu akstursátt á eftir lögreglubifreiðinni.

Heimilt er að nota lögreglubifhjóla og ómerktar lögreglubifreiðar við hraðamælingar.

10. grein

Hverri ratsjá skal fylgja sér mappa sem dagbók og færa skal afrit af lögregluskýrslu um hraðakstur í hana. Þannig skal haldið til haga upplýsingum um allar mælingar og aðrar upplýsingar sem máli skipta þar á meðal dag- og tímasetningar mælinga, staðsetning, skráningarmerki, tegund og gerð mældra ökutækja, nöfn lögreglumanna sem vinna við mælingu og nafn stjórnanda hennar og allar prófanir á mælitækinu. Afritin skulu geymd í fimm ár hjá viðkomandi embætti.

III. kafli

Atriði sem eiga að koma fram í lögregluskýrslu

11. grein

Í lögregluskýrslu um hraðakstur eiga eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

1. Dagsetning og tími brots. Nafn stjórnanda mælingar og annarra lögreglumanna sem unnu að mælingu.
2. Tegund brots, hvaða grein umferðarlaganna er brotin.
3. Vettvangur brots, nákvæm staðsetning s.s. vegur/gata/hnit.
4. Akstursskilyrði, birta, veður, yfirborð vegar, færð, umferð.
5. Aðili, kærður ökumaður, allar persónuupplýsingar um hann.
6. Ökuskirteini, upplýsingar af því og/eða úr ökuskirteinaskrá ef þess er þörf.
7. Ökutæki, skráningarmerki, upplýsingar úr ökutækjaskrá varðandi ökutæki og eftir atvikum sérbúnað þess eða takmarkanir. Nafn eiganda/umráðamanns.
8. Númer ratsjár, umdæmisnúmer og skráningarmerki lögreglubifreiðar, tímasetningar og niðurstöður prófana ratsjár, hámarkshraði, mældur hraði og kærður hraði miðað við vikmörk, öll atriði sem varða 4. og 36. grein umferðarlaga og geta haft áhrif á refsihæð.
9. Akstursleið ökutækis sem mælt var, hvort lögreglubifreiðin var kyrrstæð, ekið á eftir, á móti eða á undan viðkomandi ökutæki, staðsetning ratsjár. Hvar rætt var við ökumann, kynning á réttarstöðu hans og ástæða afskipta, hvort honum var sýndur mældur hraði á skjá ratsjárinnar, framburður ökumanns.
10. Nöfn vitna/efrir atvikum farþega í bifreið kærða.
11. Undirritun lögreglumanna sem stóðu að hraðamælingunni.

Ef um fleiri brot er að ræða er bætt við brotabeltum í skýrsluna en jafnframt gerð nánari grein fyrir brotum í texta. Í lögregluskýrslu eiga að koma fram upplýsingar um prófun ratsjár og tímasetningar þeirra. Tilvísanir í önnur sönnunargögn, t.d. upplýsingar um vettvangsskýrslu og myndbandsupptökur þegar það á við.

IV. kafli
Vikmörk við hraðamælingar

12. grein


Ríkislögreglustjórinn hefur í samræmi við framsetningu framleiðanda hraðamælitækja sett vikmörk 3 km til og með 100 km og 3% upp frá því. Þannig skal draga 3 km frá mældum hraða til og með 100 km en 3% frá mældum hraða frá og með 101 km. Alltaf skal skrá mældan hraða í lögregluskýrslur ásamt kærðum hraða.

V. kafli
Gildistaka

13. grein

Verklagsreglur þessar taka þegar gildi. Úr gildi falla allar staðbundnar reglur um hraðamælingar með ratsjá sem einstaka lögreglustjórar kunna að hafa sett.

Reykjavík, 30. september 2002



Haraldur Johannessen,
ríkislögreglustjóri